

**Nd.**

**138. Nefndarátt**

um frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

Frá samgöngumálanefnd.

Samgöngumálanefndin hefir athugað frv. þetta á mörgum fundum og komist að þeirri niðurstöðu að leggja það til, að frumvarpið verði samþykkt.

Komist mannvirki þau á, sem frv. ætlast til, að framkvæmd verði, mundu þau hafa afarmikla þýðingu fyrir hið stóra og frjósama Suðurlandsundirlendi. Ágætt samgöngutæki, sem um marga áratugi hefir verið notað um allan heim, mundi tengja Árnes-, Rangárvalla- og jafnvel Vestur-Skaftafellssýslu líka við höfuðstaðinn og þar með ljetta undir flutning manna og muna þangað og þaðan. Það mundi spara sveitamönnum mikinn tíma og gera alla flutninga ljettari og vafalaust talsvert ódýrari en nú á sjer stað með bílóm. Annars er óþarfi að fjölyrða frekar um nauðsyn og gagn það, sem leiða mundi af járnbraut austur að Þjórsá. Það hefir svo oft verið rætt á þingi áður, og það á síðasta þingi, það, sem hefir valdið því, að málið hefir ekki komist áfram, er hinn gífurlegi kostnaður, sem er samfara slíkri járnbrautarlagningu, því svo háa upphæð hefir Alþingi ekki sjæð fært að leggja fram til samgöngubóta, er aðeins kæmi sjer-

stökum landshluta að gagni. Nú er þessum þröskuldi rutt úr vegi, þar sem ríkissjóður á að leggja fram aðeins þriðjung kostnaðarins við járnbrautarlagninguna, þó ekki yfir 2 milj. króna, sem skiftist á 4 ár, og svo ætlast til, að sú upphæð sje fengin með láni að nokkru eða öllu leyti, eins og alveg sjálfsagt er.

Samkomulag hefir fengist í nefndinni um að leggja til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, er henni virðast til bóta.

Eftir 5. gr. frv. á ráðherra að ákveða skiftingu sveitarsjóðshlutans af afganginu, ef fyrirtækið verður útsvarsskytt í fleirum en einu sveitarfjelagi. Nú er það tilætlun fjelagsins »Titan« að byggja orkuverið fyrir vestan Þjórsá í Villingaholtshreppi, og verður það útsvarsskytt þar, en það er vel hugsanlegt, að einhverjir af verkamönnum við orkuverið mundu vilja búa austan við ána, t. a. m. í Kálfsfjallandi í Ásahreppi, og þótt þeir að sjálfsögðu sjeu útsvarsskyldir þar, gæti það auðveldlega komið fyrir, að sá hreppur þættist verða fyrir átroðningi eða usla af þeim, er meiru næmi en útsvarinu. Stafaði þetta þá beint af fyrirtækinu. Nefndinni virðist því rjett að gefa ráðherra heimild til að miðla þeim sveitarfjelögum, er sannað gætu, að þau biðu usla eða átroðning af fyrirtækinu, einhverjum hluta af afganginu, en það var tekið til rækilegrar yfirvegunar í nefndinni, hvort ekki væri rjett að heimta einhverja tryggingu af fjelaginu fyrir því, að sjerleyfið yrði notað og mannvirkin unnin. En þar sem Alþingi í fyrria vildi ekki fallast á slíka tryggingu í sambandi við virkjunarleyfi Dynjandisár, sbr. lög nr. 48, 15. júní 1926, og þar sem fjelagið Titan hefir þegar lagt afarmikið fje fram til kaupa á vatnsrjettindum, mælinga m. m., svo að það hefir sjálft fyllstu hvöt til að hefja framkvæmdir sem allra fyrst, og að minsta kosti innan þess tima, sem til er tekinn í 10. gr., þótti nefndinni ekki ástæða til að heimta geymslufje af sjerleyfishafa til tryggingar framkvæmdum. Hins vegar vildi nefndin þó leggja nokkurt aðhald á fjelagið, og leggur hún því til, að verði ekki byrjað á lagningu járnbrautar 1. maí 1929 og henni haldið áfram með hæfilegum hraða, eða stöðvist verkið á 1. eða 2. ári, falli sjerleyfið úr gildi í árslok 1931, en þá verði unnin mannvirki eign ríkisins án nokkurs endurgjalds. Með þessu ákvæði er lagt sterkt aðhald að sjerleyfishafa að halda verkinu áfram, að viðlögðum missi alls þess fjár, er þeir kunna að hafa lagt í járnbrautina, og eru það mjög ströng viðurlög, einkum er litið er til þess, hve mikið fjelagið hefir þegar lagt í sölurnar, og að engin viðurlög voru lögð fyrir sjerleyfishafa til virkjunar Dynjandi-fossanna.

Fyrir öðrum breytingum verður gerð nánari grein í framsögunni. Að öðru leyti treystir nefndin því, að ráðherra við útgáfu sjerleyfis fylgi ekki aðeins ákvæðum sjerleyfislaga, sbr. 11. gr., heldur sjái einnig um, að hann hafi jafnan rjett til að gera allar öryggisráðstafanir, er þurfa þykir, til þess að fyrirtæki þau, er frumvarpið gerir ráð fyrir, geti náð sínum fulla tilgangi.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 2. Fyrir »heimild til . . . gera vatnsrásir« komi: heimild til þess

- að gera uppistöðu í ánni ofan við fossinn og strengi þá, sem að honum liggja, hækka eða lækka vatnsborð eða farveg, gera vatnsrásir o. s. frv.
2. Við 1. gr. 4. Fyrir orðin »er best þykir henta« komi: er henta þykir og nánar skal fram tekið í sjerleyfisbrjefi.
  3. Við 1. gr. 5. Fyrir orðin »eða til« komi: og.
  4. Við 3. gr. Fyrir »skilyrðum 2. gr.« komi: öllum settum skilyrðum sjerleyfis.
  5. Við 5. gr. Fyrir »Ef fyrirtækið væri . . . . . ákvörðun ráðherra« komi: Sveitarsjóðshlutinn skiftist eftir ákvörðun ráðherra milli sveita þeirra, er hlut eiga að máli, eða verða fyrir átroðningi og usla af fyrirtækinu eða fyrirtækjunum.
  6. Við 8. gr. d. Aftan við liðinn bætist: Fjeð greiðist eftir á, eftir því, sem verkinu miðar áfram, á þann hátt, er sjerleyfið tiltekur.
  7. Við 10. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Verði eigi byrjað á lagningu járnbrautar 1. maí 1929 og henni haldið áfram með hæfilegum hraða, eða stöðvist verkið á fyrsta eða öðru ári, fellur sjerleyfið úr gildi í árslok 1931, og verða unnin mannvirki ríkiseign án nokkurs endurgjalds til sjerleyfishafa.

Alþingi, 8. mars 1927.

Kl. Jónsson,  
form., frsm.

Sveinn Ólafsson,  
með fyrirvara.

Hákon Kristófersson,  
fundaskrifari.

Jón Ólafsson.

Pjetur Þórðarson.